

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
b.t. Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 21. júlí 2022  
UST202206-174/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Frístundabyggð í Eyvindartungu - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Eyvindartungu í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir lóðum fyrir allt að 69 frístundahús, þar sem stærð lóða er að jafnaði um 0,5 til 1 ha. Auk þess kemur fram að innan byggingarreits er heimilt að byggja eitt til þrjú hús, þ.e. frístundahús, aukahús/gestahús og geymslu. Einnig kemur fram að nýtingarhlutfall lóðar er 0,03 en hámarks byggingamagn lóðar skal aldrei fara yfir 200 m<sup>2</sup>. Gestahús/aukahús getur verið allt að 40 m<sup>2</sup> og geymsla allt að 15 m<sup>2</sup> og heildarbyggingarmagn lóða er að jafnaði 150 til 200 m<sup>2</sup>.

Að auki kemur fram að svæðið er á náttúruminjasrá, Eyvindartunga er á mikilvægu fuglasvæði Suðurlandsundirlendisins og birki hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

### **Laugarvatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess í tillögunni komi fram að Laugarvatn falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun vill hnykkja á því að gæta þarf þess að vera með góða hreinsun á fráveituvatni þar sem losunin er líklega í vatnið. Auk þess að vera á náttúruminjasrá og njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum er Laugarvatn nýtt til mikillar útivistar og því afar mikilvægt að mengunarvarnir séu góðar.

Auk þess vill stofnunin benda á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl sl. á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi, góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun telur að í umhverfismati skipulagsins ætti einnig að meta áhrif þess á vatn þar sem áhrifaþættir eru m.a. fráveita.

## Birki

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur í lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvort svæðið falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Stofnunin bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

## Friðun plantna

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, er númer 741 á náttúruminjaskrá og nefnist Laugarvatn og flokkast sem aðrar náttúruminjar. Um svæðið segir: „Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.“

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á auglýsingu nr. 1385/2021<sup>2</sup> um friðun æðplantna, mosa og fléttna í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðuninni, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á válista íslenskra planta.

Ekki kemur fram hvort að innan svæðisins séu friðaðar plöntur og því bendir stofnunin á mikilvægi þess að sveitarfélagið hafi samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og afli upplýsinga um hvort friðaðar plöntur sé að finna á skipulagssvæðinu.

## Göngubrú

Tillagan gerir ráð fyrir göngubrú yfir Litluá og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að framkvæmdir við árbakkann raskist ekki. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

<sup>1</sup> <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>

<sup>2</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

## **Fuglaskoðunarhús**

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir fuglaskoðunarhúsi, en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fjallað sé nánar um stærð og staðsetningu á húsinu í tillögunni og hugað sé að aðkomu að húsinu.

## **Varptími**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggt verði m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma. Þetta á sérstaklega við um fuglaskoðunarhús.

## **Skógræktarsvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingar á aðalskipulagi varðandi skógræktarsvæðið þann 28. ágúst 2020.<sup>3</sup>

Líkt og kom fram hér að ofan er svæðið sem tillagan nær til á náttúruminjaskrá. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar, að með tilkomu skógar munu skilyrði fyrir þær tegundir og lífverur sem kjósa skóglendi batna, hins vegar kemur tegundasamsetning fugla til með að breytast. Umhverfisstofnun telur þar af leiðandi að uppbygging frístundabyggðar og skógræktar geti haft neikvæð áhrif á núverandi lífríki við vatnið og geti því haft áhrif á verndargildi svæðisins.

## **Aðgengi meðfram ám og vötnum**

Í greinargerð kemur fram að tryggt verði aðgengi gangandi meðfram ánum. Umhverfisstofnun vill benda á að einnig þarf að tryggja aðgengi gangandi að vatninu en skv. 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*

<sup>3</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20-%20breyting%20%20a1%20a%20a%20alskipulagi%20B1%20a1sk%20b3gabygg%20ar%202015%20-%202027%20-%20Eyvindartunga.pdf>